



Bæjarstjórn Hafnarfjarðar  
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

## VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík  
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165  
postur@vel.is velferdarraduneyti.is

Reykjavík 24. janúar 2014

Tilv.: VEL11100242/07.13

### Efni: Sjúkraflutningar á höfuðborgarsvæðinu.

Ákvörðun stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) um að slíta samstarfi um sjúkraflutninga er undirrituðum mikil vonbrigði enda hefur samstarfið verið farsælt og hagstætt jafnt fyrir ríki og sveitarfélög en síðast en ekki síst tryggt góða og örugga sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu.

Það er ein af höfuðskyldum undirritaðs sem ráðherra heilbrigðismála að tryggja hagkvæma og örugga sjúkraflutninga um allt land, enda órýfanlegur hluti af heilbrigðishjónustu. Sé það vilji eigenda SHS að slíta samstarfinu um sjúkraflutninga, sbr. bréf stjórnar SHS, dags 17. janúar 2014, ber undirrituðum að hefja þegar undirbúning að því að tryggja sjúkraflutninga með öðrum hætti.

Undirritaður tók við embætti heilbrigðisráðherra 23. maí 2013 þegar ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálftædisflokks tók til starfa. Eitt af fyrstu embættisverkum undirritaður var að óska eftir viðræðum við stjórn SHS um gerð nýs samnings um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu. Þessari beiðni hafnaði stjórn SHS með vísan til þess að þegar lægi fyrir samningur milli velferðarráðuneytisins og SHS.

Vegna þessa er rétt að taka eftirfarandi fram:

Pann 1. febrúar 2013 var skrifð undir *samkomulagsgrundvöll*, ekki samning um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu. *Samkomulagsgrundvöllurinn* var undirritaður af tveimur fulltrúum fyrrverandi velferðarráðherra sem skipaði þá í starfshóp sem starfaði samkvæmt viljayfirlýsingu velferðarráðherra og borgarstjóra frá 23. nóvember 2012. Hlutverk starfshópsins var að kostnaðargreina starfsemi SHS og vinna drög að nýjum samningi. Undirritaður gerir ráð fyrir því að undirritun þessara aðila á *samkomulagsgrundvelli* hafi verið gerð í umboði þáverandi velferðarráðherra, en slíkt umboð getur aldrei skuldbundið ráðuneytið eða ríkissjóð með neinum hætti. Þegar á reyndi fékkst *samkomulagsgrundvöllurinn* ekki staðfestingu í fyrrverandi ríkistjórn og enginn samningur var því gerður af fyrrverandi ríkistjórn varðandi sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu.

Krafa stjórnar SHS um að staðið verði við *samkomulagsgrundvöll* sem fyrri ríkisstjórn samþykkti ekki er bæði óeðlileg og ósanngjörn, ekki síst þegar því er hafnað að eiga viðræður við nýja ríkisstjórn sem hefur meðal annars tekist á við það erfiða verkefni að byggja upp og styrkja stoðir heilbrigðiskerfisins eftir mörg erfið ár.

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	27.1.2014
Málsnr:	1210486
Bréfal:	561

Slíkt vinnulag í samskiptum hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, getur vart talist til eftirbreytni.

Undirritaður tekur undir með stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) að aðskilnaður sjúkraflutninga og slökkvistarfs á höfuðborgarsvæðinu sé óskynsamlegur, hvort sem litið er til fjárhagslegra eða faglegra þátta.

Að því er undirritaður veit best hefur engin umræða átt sér stað innan þeirra sveitarstjórnar sem eiga aðild að SHS um ákvörðun stjórnar SHS að óska eftir viðræðum um slit á samstarfi um sjúkraflutninga. Í ljósi þess að ákvörðunin snertir öryggi allra íbúa höfuðborgarsvæðisins er mikilvægt að hún sé hluti af pólitískri stefnumörkun sveitarstjórnar hvarrar um sig og ekki síður sameiginlega á vettvangi SSH.

Almennt traust og ánaægja er meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins með há þjónustu sem SHS hefur veitt með sjúkraflutningum. Um það deilir enginn að mikilvægt er, jafnt fyrir íbúa og starfsmenn SHS, að eyða þeirri óvissu sem ríkir um fyrirkomulag sjúkraflutninga til framtíðar. Því ítrekar undirritaður einlægan vilja af hálfu velferðarráðuneytisins að ganga til samninga við stjórn SHS. En til þeirra samninga getur undirritaður ekki gengið með bundnar hendur af hálfu fyrrí ríkisstjórnar og samkomulagsgrundvelli sem aldrei hefur verið staðfestur, hvorki af núverandi né fyrrí ríkisstjórn, líkt og stjórn SHS hefur krafist.

Með vísan til framanritaðs er enn sett fram ósk til stjórnar SHS og nú einnig til sveitarstjórnar á höfuðborgarsvæðinu um að stjórn SHS eða fulltrúar hennar komi að gerð nýs samnings um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfullst

Kristján Þór Júlíusson  
heilbrigðisráðherra

Samrit: Bæjarstjórm Garðabæjar, Bæjarstjórm Kópavogs, Bæjarstjórm Mosfellsbæjar, Bæjarstjórm Seltjarnarneskaupstaðar, Borgarstjórm Reykjavíkur og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu